

FUNDARGERÐ

318. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF veitna, Fellabrún 1, þriðjudaginn 31. janúar 2023 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Ómar Bragason (HÓB), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri og Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) verkefnastjóri HEF.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Undirbúningur og tímasetning aðalfundar 2023
 - 2 Starfsáætlun stjórnar og fundaáætlun 2023
 - 3 Verkefnin 2023
 - 4 Færsla vatnsbóls Seyðisfjarðar vegna fyrirhugaðrar gangagerðar
 - 5 Hreinsistöð Melshorni – óvissa um framhald
 - 6 Hitaveita í Eiða
 - 7 Vatnsveita í Hjallaskóg
 - 8 Staða máls PBP gegn HEF
 - 9 Starfsmannamál
 - 10 Önnur mál
 - a) Askja - vöktun eldstöðva
-

1 Undirbúningur og tímasetning aðalfundar 2023

Framkvæmdastjóra falið að velja fundarstað og boða til aðalfundar félagsins fimmtudaginn 23. mars nk.

Endurskoðunarvinna hófst í byrjun desember. Fyrri umræða um ársreikning verði á næsta stjórnarfundum, 21. febrúar. Síðari umræða / afgreiðsla á fundi 28. febrúar. Drög ársreiknings þurfa að berast eiganda fyrir lok febrúar.

2 Starfsáætlun stjórnar og fundaáætlun 2023

Reglulegir fundir verði annan þriðjudag í mánuði kl 14:00. Framkvæmdastjóra falið að senda út fundaáætlun í rafrænar dagbækur stjórnarmanna. Sé þörf á aukafundum verði þeir boðaðir sérstaklega.

Ferli upplýsinga til stjórnar yfirfarið og engar athugasemdir gerðar.

Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) verkefnastjóri HEF kemur inn á fundinn.

3 Verkefni 2023

Fyrir fundinum liggur áætlun framkvæmdastjórnar að niðurröðun verkefna á árið 2023 ásamt dreifingu fjárfestinga á fjórðunga ársins.

Lagt fram til kynningar.

4 Færsla vatnsbóls Seyðisfjarðar vegna fyrirhugaðrar gangagerðar

Framkvæmdastjórn hefur átt fundi með Vegagerðinni vegna mögulegrar færslu vatnsbóls Seyðisfjarðar upp fyrir Gufufoss. Fyrir fundinum liggur tillaga ráðgjafa að fyrirkomulagi nýs inntaks og lagnar þaðan niður að núverandi inntaksmannvirkjum í lóni Fjarðarselsvirkjunar. Vegagerðin vinnur að fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar, sem Vegagerðin sér fyrir sér að verði unnin samhliða undirbúningsframkvæmdum við gangamunna. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

5 Hreinsistöð Melshorni – óvissa um framhald

Í ljósi niðurstöðu forhönnunar ráðgjafa sem kynnt var á fundi #317 er ljóst að bregðast þarf við og endurmeta stöðu verkefnisins. Efla verkfræðistofa skilaði rýni sinni / álitni á tillögu ráðgjafans og bendir á að ekki séu útfærðir möguleikar á áfangaskiptingu (þrepaskiptingu) byggingar eða vélbúnaðar. Efla bendir einnig á að skólpi frá Egilsstöðum sé verulega útþynnt og ekki sambærilegt skólpi sem meðhöndlað er á norðurlöndunum. Viðtakinn Lagarfljót sé öflugur mjög og vandséð að losun næringarefna í Lagarfljót muni á nokkurn hátt hafa merktanleg umhverfisáhrif.

Stjórn HEF veitna er einhuga um að áfangaskipta framkvæmdinni. Framkvæmdastjóra falið að halda áfram hönnunarvinnu mannvirkja og vinnu við deiluskipulag.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni stjórnar að óska eftir fundi með skipulagsfulltrúa Múlaþings, framkvæmda- og umhverfismálastjóra og formanni umhverfis- og framkvæmdaráðs um framgang skipulagsins og útgáfu nauðsynlegra leyfa.

6 Hitaveita í Eiða

Verð frá efnissölum í lagnaefni liggja fyrir. Nokkur verðmunur er á stálrörum og plaströrum en ljóst að vinnuliður og verktími er umtalsvert styttri í plaströrum en stálrörum. Stálrör flytja meira magn en plaströrin (sambærileg nafnmál pípnar). Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

7 Vatnsveita í Hjallaskóg

Stjórn samþykkir að farið verði í verkefnið.

Þorsteinn yfirgaf fundinn.

8 Staða máls PBP gegn HEF

Aðalmeðferð í máli PBP gegn HEF fór fram 24. janúar. Reiknað er með niðurstöðu Héraðsdóms á næstu 4-8 vikum.

Lagt fram til kynningar.

9 Starfsmannamál

Embla Rán Gísladóttir viðskiptafræðingur hefur verið ráðin tímabundið (6 mánuðir) sem sérfræðingur á fjármálasviði til starfa á skrifstofu HEF. Hún hefur störf á morgun, 1. febrúar. Í gangi er úrvinnsla umsókna eftir auglýsingu í desember um starf sérfræðings; Tækni- og gæðastjóra til að fylla skarð Höllu Sigrúnar, sem lét af störfum 31. desember.

10 Önnur mál

- a) Askja, vöktun eldstöðva - framkvæmdarstjóri fór yfir upplýsingarfundi sem hann situr með almannavörnum vegna landriss í kringum Öskju.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____